


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 4	<b>BÓKF1DH05</b>	
	<b>Námsáætlun haustönn 2019</b>	

<b>Kennarl</b>	Leifur Brynjólfsson	<b>Sk.st.</b>	LEB
----------------	---------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Fjallað er um grundvallaratriði tvíhliða bókhalds. Nemandanum er gerð grein fyrir hlutverki bókarans og tilgangi bókhaldsins. Algengustu reikningar eru kenndir fyrst og flokkun þeirra í eignir, skuldir, gjöld og tekjur. Farið í dagbókarfærslur, prófjöfnuð, opnun og lokun höfuðbókar, tengsl hennar við dagbók og gerð einfalds efnahags- og rekstrarreiknings. FOB og CIF skilmálar útskýrðir og munurinn á eðli sölu- og innkaupakostnaðar. Farið yfir reglur um virðisaukaskatt og hvernig þeim er beitt í bókfærslunni. Unnið með reikningsuppgjör og lokun höfuðbókar með einföldum athugasemdum s.s. ógreiddum og fyrirfram greiddum kostnaði og vöxtum. Mikil áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð nemanda og góðan frágang. Nemandinn fær æfingu í notkun töflureiknis við færslu bókhaldsins.

### Markmið:

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**


- grunnhugtökum bókfærslu
- helstu lögum um bókhald
- sambandi dagbókar og höfuðbókar
- einföldustu aðgerðum töflureiknis

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- færa einfaldar dagbókarfærslur
- stilla upp prófjöfnuði
- færa niðurstöður dagbókar í aðalbók
- setja upp efnahags- og rekstrarreikning
- reikna út hagnað og tap
- gera upp viðskipti fyrir ákveðið tímabil með einföldum athugasemdum
- gera upp virðisaukaskatt

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- nýta niðurstöður dagbókar til að setja upp tvíhliða bókhald
- færa einfaldar færslur í fjárhagsbókhaldi
- rökstyðja einstakar færslur í bókhaldi

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 4	<b>BÓKF1DH05</b> <b>Námsáætlun haustönn 2019</b>	


### Námsgögn:

Bókfærsla I eftir Tómas Bergsson (Útg. 2009 eða nýrri).


Ein dagbók og ein höfuðbók.

### Áætlun um yfirferð:

Vika		Verkefni
34 18. - 24. ágúst	Námsáætlun. Kynning á áfanganum. Hvað er bókhald? Tilgangurinn, bókhaldsbækur, reikningar, uppgjör, hagnaður og tap. Nokkrir algengir reikningar.	
35 25. - 31. ágúst	Nokkrir algengir reikningar (læra vel). Nemendur færi verkefni í dagbók og höfuðbók með blý- anti og ef þeir vilja mega þeir einnig færa verkefni í töflureikni í tölvu.	Verkefni 1 og 2.
36 1. - 7. sept.	FOB og CIF, innkaupakostnaður, upprifjun.	Verkefni 3 og 4.
37 8. - 14. sept.	Nýir reikningar; sjóðsreikningur, vaxtatekjur, vaxtagjöld og einkareikningur.	Verkefni 5.
38 15. - 21. sept.	Áhaldareikningur, afskriftir.	Verkefni 6 og 7.
39 22. - 28. sept.	Áhaldareikningur, afskriftir.	Verkefni 8 og 9.
40 29. sept - 5. okt.	Kreditkort. <b>Tímapróf 1.</b>	Verkefni 10, og 11. <b>Tímapróf 1.</b>
41 6. - 12. okt.	Reikningsjöfnuður, ógreidd gjöld í lok tímabils.	Verkefni 12 og 13.
42 13. - 19. okt.	Reikningsjöfnuður, fyrirfram greitt í lok tímabils.	Verkefni 14 og 15.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 4	<b>BÓKF1DH05</b>	<b>Námsáætlun haustönn 2019</b>

43 20. - 26. okt.	Virðisaukaskatturinn. <b>Tímapróf 2.</b>	Verkefni 17. <b>Tímapróf 2.</b>
44 27. okt. - 2. nóv.	Virðisaukaskatturinn, áframhald.	Verkefni 18 og 19.
45 3. - 9. nóv.	Dagbók og reikningsjöfnuður. <b>Tímapróf 3.</b>	Verkefni 20 og 21. <b>Tímapróf 3.</b>
46 10. - 16. nóv.	Nýtt form.	Verkefni 22, 23 og 24.
47 17. - 23. nóv.	Tapaðar kröfur.	Verkefni 25 og 26.
48 24. - 30. nóv.	Upprifjun. <b>Tímapróf 4.</b>	<b>Tímapróf 4.</b>
49 1. - 7. des.	Upprifjun.	
50 - 51 8. - 21. des.	Lokapróf. Einhvern daginn 10. - 18. des.  Sýnidagur námsmats er fimmtudaginn 19. desember.	


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 4 af 4	<b>BÓKF1DH05</b>	
	<b>Námsáætlun haustönn 2019</b>	

### Námsmat og vægi námsþátta:

<b>Matsform:</b>	<input type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþátta</b>		<b>Vægi</b>
Lokapróf	Á lokaprófi gildir dagbók 50%, reikningsjöfnuður 40% og höfuðbók 10%. Til þess að vetrarvinna komi til einkunnar þarf nemandi að ná að minnsta kosti 4,0 á lokaprófinu.		60%
Tímapróf	Fjögur tímapróf verða á önninni, þrjú bestu gilda 10% hvert. Engin sjúkrapróf verða fyrir tímaprófin.		30%
Vinnubækur	Vinnubókum skilað til kennara tvisvar á önninni.		5%
Þátttaka	Ástundun, vinnusemi, vinnubrögð, frammistaða, umgengi, frágangur o.fl. Óviðunandi virkni einkunn 3 Slök virkni einkunn 5 Viðunandi virkni einkunn 7 Góð virkni einkunn 8,5 Mjög góð virkni einkunn 10		5%
	<b>Samtals:</b>		<b>100%</b>

Með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 19. ágúst 2019

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils